# LÆKJARTÚN í Ásahreppi

## Deiliskipulagsbreyting




Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022. Mkv. 1:50.000.




| HNIT lóðar í ISN93 | | |
|---|---|---|
| Nr. | Austur | Norður |
| 1 | 419108.45 | 379978.49 |
| 2 | 419320.54 | 379915.77 |
| 3 | 419279.29 | 379769.18 |
| 4 | 419074.56 | 379813.60 |
| 5 | 419080.27 | 379839.89 |

Breyttur deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.500.




Gildandi deiliskipulagsuppdráttur, minnkaður í mkv, 1:7.500.

**INNGANGUR**

Skipulagssvæðið

Deiliskipulagsbreytingin nær til nýrrar lóðar í landi Lækjartúns (165306) í Ásahreppi.
Deiliskipulag var unnið af Steinsholti sf og var staðfest 19. nóvember 2013 og breyting á því var staðfest 30. nóvember 2016.
Helstu breytingar sem gerðar eru frá eldra deiliskipulagi eru þessar:
- Ný lóð og byggingareitur í Lækjartúni (165306).

Breytt deiliskipulag er í samræmi við aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022. Á landbúnaðarlandi er heimiluð bygging allt að þriggja íbúðarhúsa innan hverrar jarðar, tvö hús eru fyrir á jörðinni.

**Kortagrunnar**

Skipulagsuppdráttur er teiknaður eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf.
Grunngögn eru IS50v frá Landmælingum Íslands. Hnitakerfi er ISN93.

**Skipulagsgögn**

i. Breyttur deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:2.500.
ii. Gildandi deiliskipulagsuppdráttur minnkaður í mælikvarða 1:7.500.
iii. Afstöðumynd í mælikvarða 1:50.000 sem er hluti af Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 en þar er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

**Skipulagssvæðið**

Skipulagssvæðið er um 4 ha að stærð og er að hluta til ræktað tún. Landið er fremur mishæðótt og hallar lítillega til norðurs og austurs.

**BREYTING DEILISKIPULAGS**

Lækjartún (165306)

Ný lóð er 3,44 ha að stærð. Innan byggingareits er heimilt að byggja allt að 300 m² íbúðarhús með bílskúr, á 1-2 hæðum, mænishæð getur verið allt að 7 m m.v. gólfhæð. Einnig er heimilt að byggja allt að 300 m² skemmu, allt að 500 m² gróðurhús og allt að 100 m² gestahús. Mænishæð skemmu getur verið allt að 8 m en mænishæð gróðurhúss og gestahúss getur verið allt að 6 m m.v. gólfhæð. Bílastæði eru sýnd á uppdrætti. Gerð jarðvegsmana er háð samþykki aðliggjandi landeigenda og skal þess gætt að raska ekki landi að óþörfu. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem hreinlegastri svo engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama.

Að öðru leyti gilda skilmálar í eldra deiliskipulagi sem staðfest var þann 19. nóvember 2013.

**Umhverfisáhrif**

Uppbygging innan skipulagssvæðisins samræmist ákvæðum í gildandi skipulagi þar sem heimil er uppbygging þriggja íbúðarhúsa innan hverrar jarðar á landbúnaðarlandi. Flokkun landbúnaðarlands hefur ekki farið fram í sveitarfélaginu en líklegt er að sökum halla sé það ekki úrvals akuryrkjuland. Nýjar byggingar hafa óhjákvæmileg áhrif á ásýnd svæðisins en vegna nálægðar við aðra byggð eru áhrifin metin óveruleg. Áhrif á gróður og dýralíf s.s. fugla eru metin óveruleg. Uppbygging svæðisins er talin geta leitt til íbúafjölgunar og styrkir tekjustofna sveitarfélagsins og samfélagsleg áhrif eru því góð.

**SKÝRINGAR**

- Landbúnaðarland
- Lóð
- Byggingarreitur
- Vegir
- Hús ný, mögul. staðsetn.
- Hreinsivirki
- Reiðleiðir
- Skurðir
- Landamerki
- Skipulagssvæði

Deiliskipulagsbreyting þessi sem kynnt hefur verið samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum var samþykkt af sveitarstjórn Ásahrepps þann ______

f.h. Ásahrepps

______________________________

# LÆKJARTÚN

## Deiliskipulagsbreyting

| | |
|---|---|
| Verk: 7498-001 | Dags: 14.06.2018 |
| Mkv. 1:2.500 í A3 | Breytt: |
| Unnið: GLS | Rýnt: |
| Samþykkt: Tillaga | |

EFLA